

Ályktun um stofnun starfshóps um skiptingu tekna úr Fiskeldissjóði

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti 8.-10. september 2022 leggur til að stofnaður verði starfshópur sem falið verði að ná sátt um skiptingu fjármuna sem nú renna til Fiskeldissjóðs milli fiskeldissveitarfélaga á Vestfjörðum.

Fyrir liggur samfélagssáttmáli um fiskeldi og sú sameiginlega sýn sveitarfélaga að fjármunir sem nú renna í fiskeldissjóð renni í A-hluta sveitarfélaga. Ekki liggur fyrir hvernig þeirri skiptingu yrði háttað ef af yrði. Mikilvægt er að fiskeldissveitarfélög á Vestfjörðum leggi fram sameiginlega sýn þar um. Niðurstaða starfshópsins verði samþykkt af Fjórðungsþingi eða á aukabingi samkvæmt samþykktum og þingsköpum Fjórðungssambandsins. Öll fiskeldissveitarfélög skulu fá einn fulltrúa, en auk þeirra starfi starfsmaður frá Vestfjarðastofu með nefndinni.